

GJALDSKRÁ

Skagafjarðarveitna. Hitaveita

I. KAFLI

1. gr.

Skagafjarðarveitur, kt. 681212-0350, í gjaldskrá þessari hér eftir nefndar SKV, selja afnot hitaorku úr hitaveitukerfum þeim, sem gerð hafa verið eða kunna að verða gerð í lögsagnarumdæmi Sveitarfélagsins Skagafjarðar og hafa umráðarétt yfir þeim eftir þeim reglum, sem settar eru í gjaldskrá þessari sbr. reglugerð um Skagafjarðarveitur.

2. gr.

SKV skal láta hverju húsi, sem tengt er við vatnsæðar veitnanna, í té vatnsmagn, er ætla má að nægi til hitunar á húsinu. SKV lætur setja rennslismæli eða stillanlegan hemil fyrir hámarksrennsli til hvers upphitunarkerfis og miðast gjald hitaveitunnar fyrir selda orku við rúmmetra samkvæmt rennslismælinum eða það hámark, sem hemillinn er stilltur á. SKV ræður gerð rennslismæla og hemla og sér um viðhald og endurnýjun þeirra.

3. gr.

Einungis starfsmenn veitunnar mega breyta stillingu innsiglaðra tengihluta. SKV breytir stillingu hemils eftir óskum húseiganda fyrir árið, sem hús hans er tengt við hitaveitukerfið, en síðan verður hemilsstillingu að jafnaði breytt einu sinni á ári og skal skrifleg beiðni um breytingu koma fram við hitaveituna fyrir 1. september ár hvert. Hámarksstilling hemils gildir allt árið þótt vatnsnotkun verði minni hluta úr ári. Minnsta sala gegnum hemil skal vera 1 mínútulítri. Selt vatnsmagn standi ávallt á heilum eða hálfum mínútulítra.

Ef kaupandi óskar að hemill eða mælir sé prófaður skal hann senda skriflega beiðni þar um til SKV. Komi í ljós við þá athugun að frávik sé 5% eða minna, er heimilt að gera kaupanda að greiða álestrargjald. Sé frávik meira skal SKV greiða kostnað við prófunina og leiðréttá reikning kaupanda í samræmi við niðurstöður hennar, þó ekki fyrir lengra tímabil en tvo mánuði nema kaupandi eða SKV, eftir því sem við á, geti sannað að um lengra tímabil hafi verið að ræða, þó lengst fjögur ár.

II. KAFLI

4. gr.

SKV rekur nú átta aðskilin hitaveitusvæði og dreifikerfi með vatni sem hefur mismunandi efnainnihald og hita. Þessi svæði eru á Sauðárkróki, í Varmahlíð, á Steinsstöðum, í Hjaltadal, á Hofsósi, á Hverhólum og við Langhús og Sólgarða í Fljótum. Gjöld fyrir einunguna af heitu vatni (m³ eða l/mín) verða því mishá eftir svæðum. Fast gjald hjá þeim notendum, sem kaupa heitt vatn eftir hemli, skal vera krónur 1.207 pr. mán.

Gjöld fyrir afnot heita vatnsins eru sem hér segir:

Sauðárkróksveita:

Vatnsgjald kr. 2.997 á mánuði fyrir hvern mín.lítra í hámarksstillingu hemils.

Varmahlíðarveita:

Vatnsgjald kr. 4.541 á mánuði fyrir hvern mín.lítra í hámarksstillingu hemils.

Steinsstaðaveita:

Vatnsgjald kr. 2.263 á mánuði fyrir hvern mín.lítra í hámarksstillingu hemils.

Hjaltadalsveita:

Vatnsgjald kr. 2.263 á mánuði fyrir hvern mín.lítra í hámarksstillingu hemils.

Hofsósveita:

Vatnsgjald kr. 3.457 á mánuði fyrir hvern mín.lítra í hámarksstillingu hemils.

Sólgarðaveita:

Vatnsgjald kr. 2.997 á mánuði fyrir hvern mín.lítra í hámarksstillingu hemils.

Langhúsveita:

Vatnsgjald kr. 4.805 á mánuði fyrir hvern mín.lítra í hámarksstillingu hemils.

Hverhólaveita:

Vatnsgjald kr. 2.997 á mánuði fyrir hvern mín.lítra í hámarksstillingu hemils.

5. gr.

Hitaveitugjöld samkvæmt 4. gr. og 8. gr. verða krafín hvern mánuð og skulu þau greiddast til skrifstofu Skagafjarðarveitna, í bönkum eða pósthúsum. Gjaldþagi er við framvísun reiknings eða tilkynningar um reikningsupphæð. Það eru vanskil, ef gjöldin eru ekki að fullu greidd innan 10 daga frá gjaldþaga.

III. KAFLI

6. gr.

Heimæðargjald SKV fyrir heitt vatn skal vera sem hér segir fyrir eina heimæð í þéttbýli:

Innra þvermál heimæðar:	Heimæðargjald, kr.	Lengdargjald, kr./m
≤ 20mm	311.985	4.933
25mm	508.324	5.671
32mm	767.999	7.300
40mm	1.348.438	7.916
50mm	2.498.586	10.604

Ef um sverari heimæðar er að ræða skal greitt samkvæmt raunkostnaði.

Gjaldskrá þessi gildir í skipulögðum hverfum innan lögsagnarumdæmis Skagafjarðar.

Auk heimæðargjalds sem að framan greinir, skal greiða lengdargjald fyrir hvern lengdarmetra lagnar innan lóðarmarka umfram 25m.

Sé um óskipulagt svæði að ræða, eða aðstæður óvenjulegar, er heimilt að krefjast sérstaks aukagjalds af húsráðanda eða gera honum að greiða fyrir heimtaugina samkvæmt kostnaði, en gera skal honum aðvart um það fyrirfram.

Stækkun á heimtaug skal greiða samkvæmt raunkostnaði.

Heimæðargjald SKV fyrir heitt vatn skal vera sem hér segir fyrir eina heimæð í dreifbýli fyrir íbúðarhús og sumarhús:

Innra þvermál heimæðar:	Heimæðargjald, kr.	Lengdargjald, kr./m
≤ 25mm	708.324	4.315
32mm	1.070.119	5.007
40mm	1.878.811	6.042

Fyrir sverari heimæðar og aðrar byggingar í dreifbýli en íbúðarhús og sumarhús er greitt samkvæmt raunkostnaði.

Auk heimæðargjalds sem að framan greinir, skal greiða lengdargjald fyrir hvern lengdarmetra frá stofnlögn umfram 100m.

Sé um óskipulagt svæði að ræða, eða aðstæður óvenjulegar, er heimilt að krefjast sérstaks aukagjalds af húsráðanda eða gera honum að greiða fyrir heimtaugina samkvæmt kostnaði, en gera skal honum aðvart um það fyrirfram.

Stækkun á heimtaug skal greiða samkvæmt raunkostnaði.

7. gr.

Gjöld samkvæmt 6. gr. eru miðuð við vísitölu byggingarkostnaðar. SKV er heimilt að breyta þeim í samræmi við þær breytingar, sem á nefndri vísitölu verða, að fenginni staðfestingu umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytisins hverju sinni.

IV. KAFLI

8. gr.

Samkvæmt ákvæðum í 2. gr. er heimilt að selja heitt vatn til notenda um rúmmetramæli. SKV setur upp slíka mæla og sér um viðhald og endurnýjun þeirra.

Hjá notendum er kaupa vatn samkvæmt rúmmetramæli er heimilt að innheimta mælaleigu.

Gjald fyrir hvern rúmmetra vatns tekur mið af orkuinnihaldi vatns á hverju svæði og skal vera:

Sauðárkróksveita:	kr. 127,21
Varmahlíðarveita:	kr. 193,12
Steinsstaðaveita:	kr. 96,07
Hjaltadalsveita:	kr. 96,07
Hofsósveita:	kr. 147,11
Sólgarðaveita:	kr. 127,21
Langhúsveita:	kr. 204,32
Hverhólaveita:	kr. 127,21

Stærri notendur þar sem notkun er að lágmarki 100 þúsund rúmmetra á ári og þar sem heitt vatn er notað sem beinn framleiðsluþáttur, geta sótt um að kaupa heitt vatn á 70% afslætti. Afsláttarkjörin eiga við þar sem nægilegt vatn er til staðar og fullnægjandi flutningsgeta í veitukerfinu að mati Skagafjarðarveitna.

Sprotafyrirtæki og nýsköpunarfyrirtæki sem vilja nýta heitavatnið sem beinan framleiðsluþátt geta einnig sótt um tímabundin 70% afslátt á heitu vatni.

Mælaleiga fyrir hvern mánuð skal vera sem hér segir:

Fyrir mæla 15-20mm	kr. 1.207	pr. mán.
Fyrir mæla 25-40mm	kr. 2.870	pr. mán.
Fyrir mæla 50mm	kr. 3.873	pr. mán.
Fyrir mæla 65mm	kr. 4.851	pr. mán.
Fyrir mæla 80mm	kr. 5.742	pr. mán.
Fyrir mæla 100mm	kr. 7.559	pr. mán.
Fyrir mæla 125mm og stærri	kr. 9.529	pr. mán.

9. gr.

Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má taka fjárnámi á kostnað gjaldanda, sbr. 31. gr. reglugerðar fyrir SKV og 79. gr. orkulaga, nr. 58/1967, með síðari breytingum.

10. gr.

SKV hefur rétt til að loka aðrennsli heita vatnsins að húsi eða íbúð notanda, sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld. Fyrirætlun um lokun ber að tilkynna með fimm daga fyrirvara, sbr. 2. mgr. 28. gr. reglugerðar fyrir SKV.

Allan kostnað við lokun og opnun á ný greiðir sá, sem í vanskilum er. Gjaldið skal vera það sama og mánaðarleiga á 65mm mæli samkvæmt 8. gr. gjaldskrár þessarar í hvert skipti og gjald fyrir mæla álestur (auka álestur) skal vera það sama og mánaðarleiga á 25 – 40mm mæli samkvæmt 8. gr. þessarar gjaldskrár.

Eftirlitsmanni SKV skal, hvenær sem er, frjáls aðgangur að öllum hitakerfum, sem tengd eru við hitaveituna. Er húseiganda skylt að hlíta tafarlaust fyrir mælum hans um viðgerð á bilunum og sérhverjum ráðstöfunum til varnar gegn misnotkun heita vatnsins.

Virðisaukaskattur bætist við öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari miðað við gildandi reglur um virðisaukaskatt á hverjum tíma.

Gjaldskrá þessi, sem samþykkt er af sveitarstjórn Sveitarfélagsins Skagafjarðar, 16. nóvember 2022 staðfestist hér með samkvæmt orkulögum, nr. 58/1967, með síðari breytingum, til að öðlast gildi 1. janúar 2023. Jafnframt er úr gildi felld gjaldskrá sama efnir nr. 1644/2021.

Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytinu, 14. desember 2022.

F. h. r.

Reynir Jónsson.

Hreinn Hrafnkelsson.